

Afgreiðslufundur

Ár 2025 miðvikudaginn 30. apríl, kl. 12:30 var haldinn 1828. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Kaffifélagsins ehf., kt. 520207-1980, dags. 15. janúar 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffistofu ásamt innflutningi og sölu á kaffibaunum (Kaffifélagið) að Skólavörðustíg 10, F2216052, rými 01 0102. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn TÁT ehf., kt. 441121-1990, dags. 31. mars 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús ásamt framleiðslu og flutningi á forpökkuðum pizzum til sölu í smásölu (Olifa La Madre Pizza) að Suðurlandsbraut 12, F2012710, rými 01 0102. Breytingar á starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Sante ehf., kt. 641114-1030, dags. 30. apríl 2025, um tímabundið starfsleyfi fyrir dreifingu á áfengi (innflutningi, geymslu, flutningi og afhendingu) (Santé!) að Skeifunni 8, F2023315, rými 01 0002. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 30. júní 2025 sbr. niðurstöðu öryggisúttektar byggingarfulltrúa dags. 17. desember 2024.
- Lögð fram umsókn Taiba ehf., kt. 640209-0380, dags. 6. ágúst 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingastofu (Alibaba) að Grensásvegi 5-7, F2266779 (rými 02 0102) og F2023306 (rými 03 0201). Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 16. apríl 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 15. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar um umsókn RDS ehf., kt. 481116-0230, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa og greiðasala (Ráðlagður Dagskammtur) að Stórhöfða 44, F2043261, rými 01 0101.
Neikvæð umsögn þar sem fyrir liggur neikvæð umsögn byggingarfulltrúa dags. 25. apríl 2025, með vísan í 8. gr. *Reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024*.
- Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar, velferðarsviðs, kt. 530269-7609, dags. 16. apríl 2025, um starfsleyfi fyrir vistheimili fyrir börn og unglinga (Vistheimili barna Mánaberg) að Bröndukvísl 17, F2043850. Flutningur í nýtt húsnæði.
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 31. október 2025, með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir vistheimili fyrir börn og unglinga*.
- Lögð fram umsókn Hugrýmis slf., kt. 451023-1520, dags. 28. apríl 2025, um starfsleyfi fyrir lækna- og geðlækninga (Viðir Sigrúnarson geðlæknir) að Álfamýri 1-5, F2013860, rými 325-0205. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir*.

8. Lögð fram umsókn N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 3. mars 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir bensínstöð (N1 Fiskislóð) að Fiskislóð 15-21, F2297256, matshluti 3, rými 03 0001 og 03 0101. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir bensínstöðvar*.

9. Lögð fram umsókn BL-JLR ehf., kt. 441223-1610, dags. 19. mars 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir starfsemi smurstöðvar, bifreiða- og vélaverkstæðis og handvirkir bónstöðvar (BL - Þjónustuverkstæði Jaguar Land Rover) að Hesthálsi 6-8, F2044208, rými 01 0101. Eigendaskipti.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsleyfisskilyrðum fyrir smurstöðvar, Starfsskilyrðum fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur og Starfsskilyrðum fyrir bónstöðvar og bílaleigur*.

10. Lögð fram umsókn Pólóborgar ehf., kt. 591017-0630, dags. 20. mars 2025, um leyfi til tóbakssölu (Polo) að Hraunbæ 121. Nýtt leyfi.

Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

11. Lögð fram umsókn Klíníkinna Ármúla ehf., kt. 681114-0920, dags. 7. apríl 2025, um starfsleyfi fyrir læknameiðstöð og rannsóknarstofu (Klíníkin Ármúla) að Ármúla 7, F2012679, rýmisnúmer 0001, 0101, 0102, 0103, 0104, að undanskildum rými fyrir smáaðgerðir og móttökueldhúsi. Flutningur í nýtt húsnæði.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir heilbrigðisþjónustu og meðferðarstofnanir*.

12. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 28. apríl 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 24. mars 2025, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Whales of Iceland, kt. 640114-0530, um rekstrarleyfi flokki II, tegund; samkomusalir (Whales of Iceland) þar sem afgreiðslutími áfengis verði á virkum dögum frá kl. 08:00 til kl. 02:00 og um helgar frá kl. 08:00 til kl. 02:00, að Fiskislóð 23-25, F2310621, rými 01 0101.

Samþykkt að gefa jákvæða umsögn frá kl. 11:00 til kl. 01:00 en neikvæða umsögn frá 08:00 til kl. 02:00 þar sem það samræmist ekki áfengislöggjöf. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og Reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti*. Starfsleyfi er í gildi til 30. janúar 2037.

Fundi slitið kl. 13:32

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson